

Mætt til fundar:; Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Anna Jóna Árnarsdóttir boðaði forföll og var 2. varamaður, Anna Bryndís Tryggvadóttir mætt í hennar stað. Einnig voru mættir til fundar undir 1. lið Skúli Björn Gunnarsson, Sveinn Þórarinsson Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins og Elís Eiríksson frá Eflu og undir 1. og 2. lið var mættur Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

**Dagskrá:**

- 1. Þjónustuhús við Hengifoss.**
- 2. Byggðakjarni.**
- 3. Önnur mál.**

- 1. Þjónustuhús við Hengifoss.**

Styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði ferðamanna í ár upp á 55 milljónir til uppbyggingar á þjónustuhúsi við Hengifoss.

Skúli Björn fór yfir forsögu málsins, sýndi teikningar og kynnti ýmsar stærðir fyrirhugaðrar byggingarinnar. Í framhaldi fóru fram umræður um verkefnið. Teikningar eru klárar að mestu en einhver smávægilegur frágangur eftir. Undirbúningur vegna útboðs er ekki hafinn og mun trúlega taka um mánuð og auglýsingaferli í framhaldinu tæki 3-4 vikur.

*Skúli Björn, Sveinn og Elís yfirgáfu fundinn klukkan 14:50*

Kristinn Bjarnason kynnti í framhaldinu drög að lóðaleigusamningi við landeigendur vegna þjónustuhússins. Eftir umræður var ákveðið að Sveitarstjóri, oddviti og Kristinn Bjarnason gangi til samninga við landeigendur. Í framhaldinu verði gerð áætlun um fjármögnun verkefnisins að hálfu sveitarfélagsins og að áfram verði unnið að undirbúningi.

- 2. Byggðakjarni.**

Kristinn Bjarnason kynnti drög að lóðaleigusamningi við eigendur Hjarðabóls vegna uppbyggingu byggðakjarna. Samþykkt með 4 atkvæðum að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við landeigendur.

*Kristinn yfirgáfu fundinn klukkan 16:50*

- 3. Önnur mál.**

Sveitarstjóri sagði frá að verkefna- og framkvæmdarstjóri Orkusjóðs komu í heimsókn í síðustu viku og það sem meðal annars kom fram í þeirra spjalli áhuga hjá Orksjóði um samstarf við sveitarfélagið um orkumál.

Sveitarstjórn fagnar þessu.

Sveitarstjóri sagði líka frá því að töluverður raki er undir gólfplötu í salnum í Végarði og sprungur í plötunni leiða rakan upp í gegn um plötuna sem valdið hefur skemmdum á nýlögðu parketi. Til að losna við rakan undan húsinu var farið í að dreina þvert á hlíðina fyrir ofan húsið rétt fyrir ofan bílplanið. Með þessum aðgerðum eru bundnar vonir við að raka vandamál verði úr sögunni. Vegna þessa leggst á kostnaður sem er umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Fundi slitið klukkan 17:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Anna Bryndís Tryggvadóttir

---

Eiríkur J. Kjerúlf

---

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

---

Lárus Heiðarsson